

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið,
Íris Bjargmundsdóttir
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. nóvember 2019
2019110003/42-1-2
TB
tb

Drög að breytingu á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 1. nóvember sl., þar sem vakin er athygli á að drög að breytingu á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi hafa verið birt í Samráðsgátt til kynningar. Mál 276/2019.

Náttúrufræðistofnun tekur undir þær breytingar sem lagðar eru til á 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og telur þær mjög til bóta. Með breyttu orðalagi ætti að vera tryggt að leyfisveitendur fari eftir áliti Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum, t.d. hvað varðar mótvægisaðgerðir og vöktun, sbr. þær breytingar sem lagðar eru til að 2. og 4. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á reglugerð nr. 660/21-2015 um mat á umhverfisáhrifum (ef ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar tekur stofnunin undir þær):

1. Í 3. gr. a er ekki minnst á t.d. vistkerfi eða vistgerðir. Vistgerð er flokkunareining á landi / lífríki sem er viðurkennd m.a. í lögum um náttúruvernd sbr. 2. gr. laganna um verndarmarkið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Það er því ástæða til að þessi hugtök eða einingar komi sérstaklega fram eins og t.d. víðerni eða landslag. Í b lið er líffræðileg fjölbreytni tekin fyrir en þar er áhersla á tegundir og búsvæði. Rétt er að geta þess að hugtakið líffræðileg fjölbreytni á við breytileika meðal lifandi **vera á öllum skipulagsstigum lífs**, þar á meðal í vistkerfum á landi, í sjó og í ferskvatni. Hugtakið tekur til vistfræðilegra tengsla milli vistkerfa og nær til fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda og vistkerfa.

2. Í a lið 11. gr. virðist orðið niðurrif eiga við framkvæmdina sjálfa en varla er átt við það heldur að lýsa skuli því sem rífa á niður ef við á.



4. Textabreytingu um efni frummatsskýrslu í 20. gr. segir í síðasta mls. að teknu tilliti til fyrirbyggjandi þekkingar og matsaðferða. Í þessu tilfalli er óljóst hvort eingöngu er átt við fyrirbyggjandi þekkingu eða einnig þekkingu sem er aflað með nýjum rannsóknum skv. því sem lagt er til í matsáætlun.

5. Ekki er ljóst hvað átt er við með hugtakinu sjálfbærnieiginleika náttúruauðlinda í g. lið 20. gr.

Hér er spurning hvort ekki er betra að segja t.d.á umhverfið vegna nýtingar náttúruauðlinda með tilliti til sjálfærar nýtingar þeirra,...

3. Í 12. gr. er lögð til ný mgr., 5. mgr., þar sem segir m.a. að Skipulagsstofnun sé heimilt að setja fram **ábendingar** o.s.frv. Það er of veikt að mati Náttúrufræðistofnunar að hafa heimild til ábendinga. Það er iðulega svo að framkvæmdaraðili leggur fram ákveðnar forsendur í matsskyldufyrirspurn. Í mörgum málum geta slíkar forsendur verið lagðar til grundvallar því hvort framkvæmd er úrskurðuð í mat eða ekki. Það hlýtur því að eiga að vera svo að hafi framkvæmdaraðili sérstaklega tilgreint að framkvæmd verði með ákveðnum hætti þá skuli svo vera ef um er að ræða grundvallaratriði. Framangreint ákvæði þarf að útfæra betur. Sama á við um sömu breytingu á 13. og 14. gr. reglugerðarinnar.

4. Í textabreytingu um efni frummatsskýrslu í 20. gr. segir í síðasta mls. að teknu tilliti til fyrirbyggjandi þekkingar og matsaðferða. Í þessu tilfalli er óljóst hvort eingöngu er átt við fyrirbyggjandi þekkingu eða einnig þekkingu sem er aflað með nýjum rannsóknum skv. því sem lagt er til í matsáætlun.

5. Ekki er ljóst hvað átt er við með hugtakinu sjálfbærnieiginleika náttúruauðlinda í g. lið 20. gr. Hér er spurning hvort ekki er betra að segja t.d.á umhverfið vegna nýtingar náttúruauðlinda með tilliti til sjálfærar nýtingar þeirra,...

6. Náttúrufræðistofnun telur breytingar á 30. gr. mikilvægar sbr. fyrri athugasemd.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfæði- og ráðgjafardeildar

